

# VIÐHORFSKÖNNUN Í NORÐURÞINGI 2010 VEGNA SVEITARSTJÓRNARKOSNINGA

Maí 2010

Maí 2010

Þekkingarnet Þingeyinga

Ábyrgð:  
Óli Halldórsson

Ritstjórn/framkvæmd:  
Óli Halldórsson

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir  
Aðalsteinn J. Halldórsson

<b>ÚRTAK OG FORSENDUR</b> .....	<b>1</b>
<b>NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>2</b>
FYLGI FRAMBOÐA .....	3
VIÐHORF EFTIR KYNI .....	5
VIÐHORF EFTIR ALDRI .....	6
<b>VIÐBÓTARSPURNINGAR</b> .....	<b>7</b>
<b>HEIMILDIR</b> .....	<b>9</b>
<b>VIÐAUKI</b> .....	<b>10</b>
AÐFERÐAFRÆÐI VIÐ MAT Á STÆRD ÚRTAKS. ....	10


## ÚRTAK OG FORSENDUR

Þegar úrtakið var reiknað út var gengið út frá þýðisstærðinni 2216 sem voru bestu tölur sem hægt var að styðjast við á þeim tíma þar sem kjörskrá var ekki tilbúin. Síðan kom í ljós að þýðið er eitthvað minna. Þetta hefur þau áhrif að könnunin er enn marktækari en ella.

Farið var þá leið að notast við póstkönnun. Keypt var 758 einstaklinga slembiúrtak íbúa Norðurlands á kosningaaldri. Það var sú stærð sem þurfti ef miðað er við 30% svörun. Vegna mistaka við vinnslu úrtaksins minnkaði það niður í 727 einstaklinga.


Könnunin var framkæmd dagana 7.-12. maí. Svarhlutfallið var 37% eða 269 manns. Könnunin er marktæk samkvæmt fræðilegum viðmiðum.

## NIÐURSTÖÐUR




Mynd 1. Aldursskipting þeirra sem svöruðu könnuninni.

Fylgi framboða



Mynd 2 Niðurstaða könnunarinnar með óákveðnum kjósendum ásamt þeim sem ætla ekki á kjörstað.



Mynd 3. Niðurstaða könnunarinnar ef óákveðnum kjósendum er sleppt ásamt þeim sem ætla ekki á kjörstað.

Á myndum 2 og 3 má sjá fylgi framboðanna fimm á dögum 7.-12. maí 2010. Hlutfall óákveðinna og þeirra sem ekki kváðust ætla að kjósa reyndist hátt eða 38,7%.


Samkvæmt þessum niðurstöðum myndu eftirfarandi einstaklingar ná kjöri í sveitarstjórn Norðurbings og í eftirfarandi röð:

1. Gunnlaugur Stefánsson B
2. Jón Grímsson B
3. Trausti Aðalsteinsson V
4. Friðrik Sigurðsson Þ
5. Jón Helgi Björnsson D
6. Þráinn Gunnarsson S
7. Soffía Helgadóttir B
8. Hjálmar Bogi Hafliðason B
9. Hilmar Dúi Björgvinsson V

Þeir einstaklingar sem eru næstir inn í sveitarstjórn samkvæmt könnuninni eru eftirtaldir:

10. Birna Björnsdóttir B
11. Sigríður Valdimarsdóttir Þ

### Viðhorf eftir kyni



#### Mynd 4. Viðhorf þátttakanda könnunarinnar eftir kyni.


Framsóknarflokkurinn er vinsælastur á meðal karla sem tóku þátt í könnuninni með 30,1% fylgi. Næst kemur Sjálfstæðisflokkurinn með 11,5% fylgi karla. Þá kemur listi Vinsti-grænna, félagshyggju og umhverfisverndarfólks með 10,6%, Þinglistinn með 8,8% og Samfylkingin með 7,1%.

Meðal kvenna er Framsóknarflokkurinn sömuleiðis vinsælastur með 19,1% fylgi. Næst kemur listi Vinsti-grænna, félagshyggju og umhverfisverndarfólks með 12,1% fylgi kvenna. Þá kemur Þinglistinn með 9,2%, Samfylkingin með 7,8% og loks Sjálfstæðisflokkurinn með 5,7%.

Óákveðir og þeir sem ætla ekki að kjósa eru þó stærsti hluti beggja kynja en 31,9% karla falla undir þann flokk og 45,4% kvenna.



### Viðhorf eftir aldri



Mynd 5. Viðhorf þátttakanda könnunarinnar eftir aldri.

Þegar aldursflokkarnir eru skoðaðir kemur í ljós að Framsóknarflokkurinn er vinsælastur í aldursflokknum 18-29 en 25,7% ætla að kjósa hann úr þessum aldursflokki. Þar á eftir kemur listi Samfylkingar með 14,3%. 34,3% kjósenda eru óákveðnir í þessum aldursflokki eða ætla ekki að kjósa.

Í aldursflokknum 30-39 ára ætla flestir að kjósa VG eða 20,6%. 44,1% eru óákveðnir eða ætla ekki að kjósa. Svaranir eru reyndar svo fáar í þessum aldursflokki og hlutfall óákveðna og þeirra sem ekki ætla á kjörstað svo hátt að varhugavert er að draga ályktanir af þessu.

Í aldursflokknum 40-49 ára er Framsóknarflokkurinn vinsælastur með 21,3% fylgi. Þar á eftir kemur Sjálfstæðisflokkurinn með 12%. 44% ætla ekki að kjósa eða eru óákveðnir.

Í aldursflokknum 50-59 ára er Framsóknarflokkurinn vinsælastur með 23,8% fylgi. Næstur kemur Þinglistinn með 14,3% fylgi. 42,9% ætla ekki að kjósa eða eru óákveðnir.


Í aldursflokknum 60-69 ára er Framsóknarflokkurinn vinsælastur með 33,3% fylgi. Næst kemur Sjálfstæðisflokkurinn með 7,7% fylgi. 43,9% eru óákveðnir eða ætla ekki að kjósa.

Í aldursflokkunum 70-79 ára og 80+ eru það fáir þátttakendur að ekki er hægt að draga neinar ályktanir út frá svörum þeirra en niðurstöður úr þeim aldursflokkum eru engu að síður birtar á mynd 5.


## VIÐBÓTARSPURNINGAR

Þegar viðhorfskönnunin var lögð fyrir var bætt við nokkrum aukaspurningum um héraðsfréttablaðið/fréttamiðilinn Skarp og auglýsingamiðilinn Skrána.


Niðurstöður þessara viðbótarspurningar eru eftirfarandi:



Mynd 6. Lest þú héraðsfréttablaðið Skarp?



Mynd 7. Heimsækir þú heimasíðu Skarps, [www.skarpur.is](http://www.skarpur.is)?



**Mynd 8. Lest þú auglýsingablaðið Skrána?**

## HEIMILDIR

Úrtak íbúa í Norðurþingi. Apríl 2010. 758 einstaklingar á kosningaaldri.  
Skýrr hf.

Hagstofa Íslands. Apríl 2010. [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) > mannfjöldi.

## VIÐAUKI

### Aðferðafraeði við mat á stærð úrtaks.

Til að meta nauðsynlega úrtaksstærð í óendanlega stóru þýði (þar sem þýðið er meira en 20x stærra en úrtakið) þar sem meta á  $p$  með vikmörk  $m$  miðað við öryggisstig  $z$  má nota eftirfarandi formúlu:

$$n+4 = \left(\frac{z}{m}\right)^2 p(1-p)$$

Við gætum til dæmis gefið okkur að við viljum fá punktmat með 5% vikmörkum með 95% öryggisstig (alfa mörk). Þá verður  $m=0,05$  og  $z=1,96$  og ef hlutfallstalan sem við erum að meta er 25% þá þurfum við 284 virk svör.

Nú vitum við ekki endilega hvaða  $p$  við erum að fara að meta og þá einfaldast formúlan niður í

$$n+4 = \left(\frac{z}{2m}\right)^2$$

Sem gefur alltaf að einfalt punktmat miðað við áður nefndar forsendur um  $m=0,05$  og  $z=1,96$  að við þurfum um 380 virk svör.

Þegar þýðið er ekki óendanlega stórt má nota eftirfarandi leiðréttingarstuðul til að meta minnkaða úrtakið  $n'$  þar sem  $n$  er metin úrtaksstærð í óendanlega stóru þýði og  $N$  er fjöldinn í þýðinu

$$n' = \frac{n \times N}{N + n - 1}$$

Þetta þýðir í okkar tilviki:

Norðurþing þýði 18-x ára = 2216<sup>1</sup>

Ef við miðum við einfalt punktamat fáum við 380 þátttakendur í óendanlega stóru þýði, þá þarf að reikna leiðréttingu vegna stærðar þýðis

$$n = \frac{380 \times 2216}{2216 + 380 - 1} = \frac{842080}{2595} = 324,5 \text{ einstaklingar í Norðurþingi}$$

Til að taka tillit til þess að virk svör eru alltaf færri en fjöldinn í úrtakinu þarf að færa úrtaksstærðina upp sem nemur áætluðu brottfalli frá upphaflegu úrtaki að virkum svörum. Þetta má gera með margfeldisstuðli sem er  $1+$  hlutfallið milli upphaflegs úrtaks og endanlegs úrtaks.

Ef við gerum til dæmis ráð fyrir að 70% af upphaflegu úrtaki muni svara (sem er oftast óraunhæft því fyrst falla brott einstaklingar sem ekki næst í og síðan einstaklingar sem ekki svara) þá lítur útreikningurinn svona út:

---

<sup>1</sup> Þýðið er raunar aðeins minna en þetta. Þetta voru hinsvegar nýjustu tölur þegar útreikningurinn var gerður.

$$1 + \frac{30}{70} = 1 + 0,43 = 1,43$$

Ef við reiknum með 50% svörun þá er það  $1 + 50/50 = 1+1$

$325 * 2 = 650$  einstaklingar

Ef gert er ráð fyrir 30% svörun þá er úrtakið 758 manns og sú er raunin hér.<sup>2</sup>

---

<sup>2</sup> Keypt var 758 einstaklinga úrtak en vegna mistaka við úrvinnslu hjá Skýrr fóru inn í úrtakið nokkrir einstaklingar sem ekki eru með kosningarétt og þess vegna endaði úrtakið sem 727 einstaklingar.